

**Tekjumörk Landsnets**  
**Líkan reglunar, hagrænir hvatar og umhverfi**

Axel Hall  
Lektor  
Háskólinn í Reykjavík

## Einkasöluaðstæður flutnings raforku

- Flutningur raforku er í eðli sínu afurð sem býr við framleiðsluaðstæður stærðarhagkvæmni.
- Slíkar aðstæður eru oft kallaðar nátturleg einokun.
- Áður var framleiðsla, flutningur og sala raforku talinn hafa slík eðliseinkenni. Nú hefur starfsemin verið aðskilin og reynt að koma á samkeppni í vinnslu og sölu en flutningur er sem áður talin náttúruleg einokun.
- Flutningur raforku frá framleiðanda til dreifiveitna eða stórnotenda er sérleyfisstarfssemi .
- Einokun sem þessi leiðir óhindruð til markaðsbrests. Of hátt verð og of lítil umsvif.
- Í ljósi slíkra markaðsbresta er flutningur raforku háður reglun af ýmsu tagi þar á meðal hvað snertir verðlagningu flutninga á raforku.

# Markmið reglunar

- Raforkuflutningurinn býr ekki við það aðhald sem samkeppni veitir.
- Í slíkum rekstri er verðlagning ekki ein vandamálið heldur vill rekstrarkostnaður verða meiri en það sem hagkvæmast getur orðið. Sú grisjun sem samkeppnisfyrirkomulagið tryggir með afkomu þeirra sem sýna dug og ráðdeild í kostnaðaraðhaldi er ekki til staðar.
- Því er starfsemin ekki einungis undir eftirliti hvað verðlagningu snertir. Heldur einnig hvað varðar rekstarkostnað og fjárfestingar.
- Hið endanlega markmið slíks eftirlits er að raforkuflutningur sé rekinn með þjóðhagslega arðsemi í huga.

# Aðferð tekjureglunar

- Raforkulög 2003, nr. 65. kveða á um reglun Landsnets.
- Aðferðin byggir á tekjureglun. Hámarkstekjur eru tilteknar og nefnd tekjumörk.
- Lögin kveða á hvaða kostnaðarliðir skuli lagðir til grundvallar og hvernig arðsemi skuli reiknuð. Þau kveða líka á um hagræðingarkröfu og búa til hvata til hagræðingar.

# Hvatar til hagræðingar með gulrót og vönd að vopni


- Til að ýta undir hagræðingu og hagkvæmni eru hámarkstekjur Landsnets festar til ákveðins tíma. (með verðleiðréttingum).
- Hér á landi er tímabil tekjumarka 3 ár.
- Tímabil tekjumarka stillir upp gulrót.
- Ef framleiðandi hleypur nógu hratt (nær kostnaði niður fyrir það sem gert er ráð fyrir). Þá fær hann að bíta í gulrótina (halda viðbótarhagnaðinum).
- Á næsta tekjumarkatímabili eru tekjumörk lækkuð sem hagræðingunni nemur. Hagræðingu skilað til notenda.
- Þessu til viðbótar er gert ráð fyrir því að Orkustofnun geti gert kröfu um hagræðingu.

## **Reglunarlíkan Landsnets**

12. grein raforkulaga kveður á um gjaldskrárlíkan Landsnets. Leyfðar tekjur verða til í ákveðnum þrepum að teknu tilliti til eftirfarandi þátta:

- Kostnaður eins og hann hefur myndast í fortíðinni (rekstrarkostnaður) yfirfarinn af Orkustofnun. Uppfærður árlega með vísitölu neysluverðs og endurskoðaður á þriggja ára fresti.
- Afskriftir fastafjármuna samkvæmt útgefnum hlutföllum Orkustofnunar.
- Bókfært virði eignagrunns. Uppfært með vísitölu neysluverðs og uppfærður árlega með tilliti til smærri fjárfestinga en samfellt hvað stærri fjárfestingar snertir.
- Arðsemiskrafa (markaðsávöxtun 5 ára ríkisskuldabréfa, nafnvextir).

Út frá þessum þáttum eru tekjumörk Landsnets ákvörðuð, eitt fyrir almenna notendur og annað fyrir stórnotendur. Tekjumörkin eru ákvörðuð til þriggja ára í senn þ.e. rekstrarkostnaðurinn er festur eins og framan er lýst, aðrir þættir eru breytilegir. Þar sem flutningsmagnið í kerfinu er þekkt með nokkurri vissu ákvarðast gjaldskráin þ.e. einingaverð út frá þessum tekjumörkum.



$$\text{Arðsemiskrafa} = \frac{\text{EBIT}}{\text{Bókfært virði eignagrunns}}$$

$$\Rightarrow \text{Tekjumörk} = \text{Rekstrarkostnaður} + \text{Afskriftir} + \text{EBIT}$$

# Um hagræðingarkröfuna

- Mikilvægt er að allir aðilar í þessu umhverfi skilji hagræðingarkröfuna og hvata hennar á sama hátt.
- Í raforkulögum eru viðmið tekjumarka 3 þ.e. kostnaður, arðsemi og hagræðingarkrafa. Um hagræðingarkröfuna segir að tekjumörk skuli taka mið af: *“Hagræðingarkröfu á rekstrarkostnað sem tengist flutningsstarfsemi og fyrirtækið hefur bein áhrif á. Sá kostnaður skal taka mið af eðlilegum kostnaði að teknu tilliti til þeirrar þjónustu sem fyrirtækið veitir. Í reglugerð skal kveðið nánar á um ákvörðun eðlilegs kostnaðar.,,*
- Ef horft er beint til þessa ákvæðis má af því skilja að hagræðingin eða krafan um hana komi að “ofan,, fremur en að hún verði til í ljósi hvata tekjumarka innan flutningsfyrirtækisins. Þannig getur myndast *“heit kartafla,,* í þeim skilningi að flutningsfyrirtækið bíður eftir því að hagræðingarkrafa komi fram eða undirbýr sig fyrir hagræðingarkröfu og reglunaraðilinn bíður aftur á móti eftir því að hvatarnir knýi fram hagræðingu.
- Hér þyrfti að greina á milli þeirrar hagræðingar sem hvatar með festingu tekjumarka búa til og þeirrar hagræðingar sem sett er fram ef reglunaraðili sýnist að markmið laga um skilvirkni í rekstri hafi ekki náðst.
- Hvenær gulrótin virkar og hvenær þarf að slá með vendi.

# Nokkur atriði sem vert er að hafa í huga

- Afkoma Landsnets í ársreikningi fer aldrei saman við niðurstöður gjaldskrárlíkans.
- Liðirnir sem skapa fleyg eru vextir, gengisþróun og rekstrarkostnaður.
- Verðbættur eignagrunnur tryggir verðbættur afskrifta og EBIT.
- Nafnvextir gera það að verkum að verðbólga er tvítalin (flutningur til dreifiveitna er með hálfri arðsemiskröfu).
- Það eru þök og gólf í fráviki leyfðrar arðsemi á tekjumarkatímabili.
- Gjaldskrá til stóriðju er í USD. Með verðbættum eignagrunni og erlendri skuldsetningu Landsnets skapast gríðarleg gengisáhætta.
- Eignagrunnur er lægri en nemur skuldum og eigin fé fyrirtækisins.

# Helstu vandkvæði í núverandi framkvæmd laganna

- Verðbólguþenging er tvítalin.
- Eignagrunnur er ógengistryggður þótt gjaldskrá stórnotenda sé í erlendum gjaldmiðli.
- Skilgreining eignagrunnsins hefur verið of þröng.
- Ákvörðun ávöxtunarkröfu. Nafnvextir vs raunvextir og hvaða vextir þarf að skoða betur.
- Mörg óljós túlkunaratriði hafa komið upp sem ekki hafa verið skýrð. Framkvæmd laganna hefur því á margan hátt verið erfið.